

Garðapryjóns- vettlingar úr léttlopa.

2 sokkprjónar nr 4,5,
stærð S-M-L

Fitjið upp 28-32-36 lykkjur með grunnlit og prjónið um það bil 12-14-16 cm. Merkið fyrir þumli í **ENDA** næsta prjóns með því að prjóna allar nema 6-7-8 lykkjur og prjóna þær með aukaspotta, færið þær svo aftur yfir á hinn prjóninn og prjónið yfir með grunnlitnum.

Prjónið áfram 12-13-14 cm (eða framfyrir vísifingur)

Prjónið þá úrtöku þannig:

1. umferð: prjónið 3 lykkjur og svo 2 saman út umferðina.
2. umferð: slétt prjón
3. umferð: prjónið 2 lykkjur slétt, svo 2 saman út umferðina
4. umferð: slétt prjón
5. umferð: prjónið 1 slétta og svo 2 saman út umferðina.
6. umferð: prjónið 2 saman út umferðina, slítið frá og hafið spottann ca 30 cm, dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru og herðið að,

Þumall: dragið aukabandið úr og setjið lykkjurnar uppá einn prjón, takið upp eina lykkju í vikinu (miðjunni) og prjónið garðapryjón ca 8-10 garða, (mælið við fingurinn svo þeir passi) **úrtaka:** prjónið 2 lykkjur saman út umferðina, svo eina slétta umferð, svo aftur tvær saman út umferðina, slítið frá og dragið bandið gegnum lykkjurnar sem eftir eru og notið spottann svo til að sauma saman þumalinn. Saumið saman vettlinginn Felið alla enda vel.

Næsti vettlingur er gerður alveg eins, nema það þarf að passa að fingurinn snúi rétt. Hægt er að hafa vettlingana í mörgum litum, og gæta þess þá að skipta um liti alltaf sömu megin svo skiptingin sjáist ekki, þetta þarf að passa vel á seinni vettlingnum uppá staðsetningu þumals.

